



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Mar 2010

2. tbl. 17. árg.

Meðal efnis:

Veiðileyfasalan

- Muna að koma og ganga frá leyfunum

Aðalfundurinn

- Upplýsingar um stjórn og nefndir

Uppskriftin

- Jú hún er á sínum stað

Strandstangaveiði

- Jú ábyggilega hægt að stunda hana

Takið Eintak



Myndin hér að ofan: Frá aðalfundi SVH 2010 - Formaðurinn Hans U. Ólason flytur skýrslu stjórnar.

Frá vinstri: Stefán Árnason (fundarritari), Einar Ólafsson (fundarstjóri) og Hans U. Ólason (formaður SVH)

**Þá er það veiðleyfasalan
Upplýsingar á bls: 3**



INTERSPORT

Lindum Skógarlind 2, sími: 585 7239
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239

OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR



Uppskriftin

Ofnbökuð laxaflök (úr bókinni Af bestu lyst (I))

Hráefni:

800 g laxaflak
sítrónupipar
3 msk ólífúolía
200 g sveppir
2 búnt radísur
1 agúrka
1 dós aspaspas

Aðferð:

- Roðdragið flakið og setjið á smurðan álpappír í ofnskúffu eða á bökunarplötu.
- Penslið flakið með einni matskeið af olíu og stráðið ríflega af sítrónupipar yfir.
- Setjið álpappír yfir flakið og bakið í ofni við 180° í 20-30 mínútur.
- Sneiðið sveppi og hitið í tveim matskeiðum af ólífúolíu. Saltið og piprið eftir smekk.
- Setjið bakað flakið á fat og raðið radísum, agúrkum, sveppum og köldum aspaspas umhverfis laxinn.

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verzlun Veiðimannsins

Formaðurinn

Sælir stórveiðimenn!

Þá er komið að úthlutun veiðileyfa, árviss vorboði og styttist nú óðum í veiðitímamann. Það var sótt vel um leyfi á svæðunum okkar, betur en oft áður og má líklega finna skýringu í því að einhverjir veiðimenn draga saman í kaupum á dýrari veiðileyfum og sækja frekar í silungsveiði á hóflegra verði. Þetta er eðlilegt m.t.t. títtnefnds þjóðfélagsástands, sem vel að merkja flestir eru nú að fá sig fullsadda af, en hafa þó lítið um að segja.

Eins og alltaf er sótt mörgum sinnum um hverja stöng í Hlíðarvatni fyrripart sumars og því ljóst að ekki fá allir það sem þeir óska eftir, reyndar er það svo að enginn fær alla þá daga sem hann óskar sér á umbeðnum tíma, reynt er eftir fremsta megni að gæta jafnræðis við úthlutun en þetta er snúið mál og erfitt viðureignar. Menn verða einfallega að sýna því skilning og vinna vel úr því sem þeir fá, alltaf er hægt að skila og skipta þeim dögum sem ekki er hægt að nota. Ég ítreka það að félagar komi á auglýstum dögum og sækji leyfin sín þannig að stjórn geti klárað frágang á þessari vinnu og sett laus veiðileyfi inná söluvefinn okkar, leyfi.is, hvar aðrir veiðimenn bíða spenntir eftir því sem í boði verður.

En eins og áður sagði styttist í það að menn taki fram „gírinn“ og geri sig klára fyrir fyrstu veiðiferðir sumarsins, hjá mörgum hefst þetta með hreinsunardegnum í Hlíðarvatni þar sem menn bleyta í að lokinni hreinsun og annari vinnu á svæðinu. Það er ánægjulegt að vera form. SVH um þessa helgi og sjá að fyrir framan húsið hjá okkur eru fleiri bílar en hjá öllum hinum félögum samanlagt, ljóst að vatnið er félagsmönnum kært og margir fúsir til að leggja hönd á plóg.

Opin hús í vetur hafa verið vel sótt, kannski með meira móti. Það skyldi þó ekki skrifast á „ástandið“ að einhverju marki líka? Ef til vill hafa menn rýmri tíma til að sinna áhugamálum sínum og nota þá tækifærið til setjast niður og hnýta nokkrar flugur í góðum félagsskap, eða fá sér kaffisopa og spjalla. Einnig hafa komið góðir gestir og verið ákaflega vel mætt á þau kvöld.

Framundan er ennþá góð dagskrá og full ástæða til að sækja hana og svo styttist í lokakvöldið okkar, þangað til óska ég ykkur góðra stunda.

Kv. Hansi

VEIÐILEYFASALAN

Jæja - það sem allir bíða eftir, veiðileyfasalan. Að vanda verður hún í félagsheimilinu að Flatahrauni 29 á eftirfarandi dögum:

22. mars frá 18:00 til 22:00


23. mars frá 18:00 til 22:00

29. mars frá 20:00 til 22:00

ATH - ATH - ATH

Í byrjun apríl fara svo öll óseld og ófrágengin veiðileyfi inn á söluvefinn

www.leyfi.is



Ritstjórinn



Það er komið vor?

Nei - kannski er vorið ekki alveg komið, einhver sagði að a.m.k. ætti "páskahretið" eftir að koma. Hvað fylgir þessu hreti? Verður það stjórnmalalegt hret, kalt og blautt? Einhverjar hræringar og sviptingar verða - en hvort þær verða eins og hagldrífa eða slydda, það kemur væntanlega í ljós innan skamms. Við skulum vona að það hret verði okkur til hagsbóta.



En það sem meira máli skiptir?

Nú eru flestir veiðimenn (og konur) farin að horfa á dagatalið, því einungis er rúmlega hálfur mánuður fram að hinu formlega stangaveiðitímabili, 1.4. Ég veit að það eru margir sem byrja þá, þó mér finnst persónulega heldur snemmt að byrja þegar þarf að "brjóta úr lykkjunum" eða "kasta milli jakanna". Kannski verður þetta "hlýja" vorið þegar allt verður snemma á ferð - það er aldrei að vita. Betra er að huga að búnaði og / flugum, hnýta það sem vantar upp á - kannski reyna að hnýta ný vopn í baráttuna fyrir sumarið, hver veit.

*Kveðja;
Ævar*

Vetrardagskrá SVH 2010

Nú er blíða í lofti og vorið nálgast. Það sem framundan er í vetrarstarfinu er:

- 18. mar - Kynning, Ingi Rúnar Jónsson frá Veiðimálastofnun kemur í heimsókn og segir frá bleikjurannsóknunum.
- 25. mar - Hnýtingar og spjall
- 08. apr - Kynning, Veiðihornið kíkir til okkar með léttu kynningu
- 15. apr - Hnýtingar og spjall
- 21. apr **LOKAHÓF, KVÖLDIÐ FYRIR SUMARDAGINN FYRSTA**

Húskonur og -karlar SVH

Efnilegasta silungaflugan 2010

Flugunni skal skila í síðasta lagi **á opnu húsi þann 8. apríl 2010**. Skila skal tveimur eintökum af flugunni ásamt nafni flugunnar og uppskrift. Nafn höfundar ásamt símanúmeri skal fylgja með í lokuðu umslagi merktu nafni flugunnar, dulnefni höfundar og keppnisflokki.

Aðrar upplýsingar er svo að finna í félagsheimilinu okkar að Flatahrauni 29.

Aðalfundur SVH 2010

Á aðalfundinum kom fram ósk um að birta upplýsingar um nefndir þær sem kosið væri í. Hér er listinn yfir stjórn og nefndir SVH fyrir starfsárið 2010. Í sumum tilfellum er einungis kosið um formann nefndar, hann / hún kallar þá aðra í SVH til aðstoðar eftir þörfum.

Stjórn:

Aðalstjórn skipa:

Formaður: Hans Unnþór Ólason
Varaformaður: Guðmundur Sveinbjörnsson
Gjaldkeri: Vilborg Reynisdóttir
Ritari: Ævar Ágústsson
Meðstjórnandi: Árni Reykdal

Varastjórn skipa:

Hallberg Svavarsson
Högni Bergþórsson
Sigurður Karlsson

Fræðslu- og skemmtinefnd:

Elísa Lífdís Óskarsdóttir, María Ingólfssdóttir,
Rúnar Sigmarsson og Úlfar Sigmarsson

Hlíðarvatnsnefnd:

Vignir B. Árnason, Kristján Knútsson, Vilborg Reynisdóttir,
Tómas Högni Sigurðsson og Hermann Sigurðsson

Djúpavatnsnefnd:

Þórolfur Kristjánsson og Kolbrún Magnúsdóttir

Kleifarvatnsnefnd:

Ólafur Jónsson

Fiskiræktarnefnd:

Einar Sigurðsson

Kastnefnd:

Svavar Gunnarsson

Ritnefnd:

Ævar Ágústsson

Húsnefnd Flatahrauns 29:

Sigríður Hrólfssdóttir

Unglingastarf:

Þróstur Sverrisson og
Heiðar Sverrisson

Umsjónarmaður heimasíðu:

Er í umsjón og vinnslu stjórnar.
Væntanlega verður komin niðurstaða
áður en "vorblað" kemur út.

Skoðunarmenn:

Guðmundur Sigurjónsson, Stefán Árnason og Þorleifur Sigurðsson (til vara)



Frá aðalfundinum Bröndubíkarinn afhentur:

Hér afhendir Ármann Sigurðsson Sverri Þrastarsyni
Bröndubíkarinn

Strandstangaveiði

Ný hlið á stangaveiði??

Um daginn kom skemmtilegur gestur til okkar á opið hús, það var hann Þorsteinn Geirsson sem kynnti fyrir okkur þessa hlið stangaveiðinnar. Við veltum því aðeins fyrir okkur hvort þetta ætti erindi inni „hefðbundið“ stangaveiðifélag eins og okkar, en ákváðum að láta slag standa enda fréttum við frá félögum okkar á Selfossi að þetta væri skemmtilegt og áhugavert erindi. Það var því með ákveðinni eftirvæntingu sem ég mætti uppí hús, hve margir skyldu nú mæta? Það er skemmst frá því að segja að hátt í 40 manns komu og fylgdust áhugasamir með nærri tveggja tíma lifandi og fróðlegri frásögn Þorsteins. Þá var ekki síður gaman að sjá í þessum hópi fjölda nýrra andlita og því ljóst að málið vakti forvitni margra. Fyrir þá ykkar sem ekki komust ætla ég að stikla á stóru í því sem fram kom og legg líka til svolítið frá eigin brjósti.

Þeir sem fylgjast með umræðunni um veiði almennt, flest ykkar geri ég ráð fyrir, hafa séð í blöðum og á netinu frásagnir af strandstangaveiði, oftast en ekki eru það útlendingar búsettir hérlendis sem nefndir eru til sögunnar, myndir af veiðimönnum með boltafiska í fanginu, steinbíta, þorska, ufsa ogfl. Kannski hefur fleirum en mér þótt þetta bæði í senn, dálítið skrítið en þó áhugavert og víst er að á krepputímum er góð búþót að veiða í soðið, hver svo sem bráðin er og ekki þarf að greiða (mikið) fyrir veiðileyfið!! Þegar er komin ein veiðibúð sem sérhæfir sig í búnaði fyrir strandstangaveiðimenn, RB veiðibúð í Skútuvogi og henni tengist einnig formlegur félagsskapur þeirra sem þessa veiði stunda. En víkjum aðeins að Þorsteini og máli hans, hann var s.s. fyrir nokkrum árum að ferðast í Florida og skellti sér þá á Tabor-veiðar, en þetta er fiskur sem gengur inn á grunnsævi í torfum, gríðarstór fiskur 50 - 100 kg. ekki óalgengt og veiddur af lítilli bátskel á flugu, m.a.s einhendu - nr. 11. að vísu, alger sleggja, en samt.... fiskurinn tekur með látum og getur í sumum tilfellum dregið bátinn vænan spöl áður en yfir lýkur. Þá vaknaði sú hugmynd hvernig hægt væri að færa þessa viðskiptahugmynd heim til Íslands þannig að úr yrði alvöru iðnaður. Nú kann mörgum að þykja nóg um að þurfa að greiða fyrir nánast allt sem boði er og því að bakka í berjafullan lækinn að fara að borga fyrir það að fá að standa niðrá strönd og kasta, en við megum nú kannski ekki vera alveg sjálfhverf í þessum efnum, það er að sama skapi ljóst að við fáum eitthvað fyrir peninginn á móti, s.s. merkt veiðisvæði – hvar þau eru og hversu góð (stjörnugjöf), lagðir verða slóðar að svæðunum og jafnvel leiðsögn í boði. Í héraði þýðir þetta aukna ferðamennsku með tilheyrandi tekjum af sölu þjónustu s.s. gistingar, matar, eldsneytis og svo mætti lengi telja.

Strandstangaveiði - framh

Enginn þarf að óttast að allar strendur landsins verði girtar af og „selt inn“, langt frá því, þetta verður bara valkostur fyrir þá sem það vilja, en gæti orðið góð búvót í ferðaiðnaðinum og hver veit nema þetta verði í framtíð líka vaxamöguleiki fyrir lítil stangaveiðifélög eins og okkar? Við skulum amk vera víðsýn og ekki loka fyrirfram á neina möguleika í þeim efnum.

Fram kom í máli Þorsteins að í Evrópu stunda um 25 miljónir manna strandstangaveiði og í Bandaríkjunum um 40 miljónir, eða meira en iðkendur tennis og golfs, samanlagt!!! Við Ísland má víða finna kjöraðstæður sem henta vel, bæði þeim sem vilja koma saman í hópum, eða vera einir með sjálfum sér í náttúrunni, ekkert öðruvísi en í laxveiðinni. Við þurfum ekki stóran bita af þessari risaköku til að gera okkur mat (vinnu) úr þessu. Þorsteinn hefur unnið að því að kynna málið í sveitarstjórnum víðsegar um landið og örugglega verður ekki langt að bíða þess að við sjáum merki þessa. Það verður fróðlegt að fylgjast með því.

Ég nefndi hér áðan að í umfjöllun um strandstangaveiði kæmu útlendingar oft við sögu, Þorsteinn sagði okkur m.a. frá því að þegar hann byrjaði að vinna að þessu áhugamáli sínu hafi honum fljótlega verið bent á mann, sem hann fann svo eftir nokkar leit. Þetta reyndist þá vera Breti sem vinnur í álverinu í Straumsvík og flutti hingað gagnert til að geta stunda þetta áhugamál sitt. Við nánara spjall kom í ljós að maðurinn er ríkjandi heimsmeistari í þessum köstum, en þeir sem eru snjallastir eru að kasta færinu á fjórðahundrað metra út!! Stangirnar eru langar og sterkar og hjólin stór, enda mikil átök að kasta hátt í 200 gr. sökku og beitu. Einhverjir höfðu orð á því að það hlyti að vera hætt á festu með svona þungt færi, en búnaðurinn er þannig gerður að á enda línunnar er hringur, gegnum hann er svo þræddur taumur með beitunni öðrumegin og sökkunni á hinum endanum, þannig að þegar fiskurinn tekur dregur hann sökkuna upp að hringnum áður en tekur í línuna og heldur sökkunni þannig alltaf á „lofti“. Þegar kastað er er beitan fest við lítið plaststykki svo hún leggst upp að línunni meðan hún er í loftinu en losnar svo frá þegar færið lendir í vatninu. Það er því líklega satt sem fram kom í máli Þorsteins að við Íslendingar þurfum að leita í smiðju þessara útlendu veiðimanna og fá þá til að miðla reynslu sinni og fróðleik þannig að við verðum fljóttari að ná góðum tókum á sportinu og eyðum ekki löngum tíma og mikilli fyrirhöfn í það að finna upp hjólið, þó við séum nú að öllu jöfnu mest og best í því sem við tökum okkur fyrir hendur;-)

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, en miðla ykkur að lokum upplýsingum um góða heimasíðu sem Þorsteinn benti okkur á og heitir www.animatedknots.com þar má finna hnúta í allt mögulegt s.s. veiðar, klifur, siglingar ofl. sett fram á skýran og einfaldan máta.

Góða skemmtun!!!

Hans Ólason



leyfi.is

Öll óseld veiðileyfi SVH fara á www.leyfi.is að lokinni úthlutun og sölu

Pessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar fást hjá stjorn@svh.is

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan.
Upplýsingar veita: Sigríður s: 5653602 eða 8923037 og
Vilborg: 8643989 (boggare@simnet.is)

Við viljum einnig benda á að vegna forfalla eru tveir til þrír af hinum "hefðbundnu" fermingdögum lausir núna betta vorið

